

## 2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 1 000,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

## 3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

## 4. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í c-liðum, húshitun og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

## 5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 221, 20. mars 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, með gildistöku frá og með 1. janúar 1987:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 207, 20. mars 1986 með síðari breytingum:

Allir liðir heildsölugjaldskrár hækki um .....	7,5%
Allir liðir smásölugjaldskrár hækki um .....	7,0%
Heimtaugargjöld hækki um .....	17,2%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 211 20. mars 1986:

Allir gjaldskrárliðir hækki um .....	7,0%
--------------------------------------	------

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 189, 20. mars 1986:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um .....	7,0%
--	------

*Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*